

Nd.

85. Frumvarp til laga

[66. mál]

un tímabundinn greiðslufrest á skuldum útgerðarmanna, útgerðarfyrirtækja og vinnslustöðva sjávarafla, til undirbúnings breytingar lausaskulda í föst lán og skuldaskila.

Flm.: Björn Pálsson, Jón Skaftason.

1. gr.

Útgerðarmenn, útgerðarfyrirtæki og vinnslustöðvar sjávarafla skulu hafa greiðslufrest til 1. maí 1969 á öllum afborgunum og vöxtum af þeim skuldum, sem stofnað hefur verið til fyrir 1. september 1968 vegna útgerðar og vinnslu sjávarafla.

Greiðslufrestur þessi nær ekki til þeirra krafna, sem tryggðar eru með lögveði eða sjóveði í eignum útgerðarmanna eða útgerðarfyrirtækja, eða krafna vegna hráefniskaupa vinnslustöðva, og ekki til lána banka eða annarra peningastofnana, sem tryggð eru með ávisun á andvirði aflaverðmæta eða veði í afurðum.

Tímabilið frá gildistöku þessara laga til 1. maí 1969 telst ekki með fyrningartíma skulda, sem greiðslufrestur er veittur á, vixilréttar né neinna réttargerða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Útgerðarmenn, útgerðarfyrirtæki og vinnslustöðvar sjávarafla hafa safnað lausaskuldum undanfarin ár vegna rekstrarhalla og fjárfestingar. Eigi liggur fyrir nægileg athugun á efnahag þessara fyrirtækja. Rekstrarfjárförf atvinnufyrirtækja hefur farið vaxandi, m. a. vegna gengislækkana. Nær ógerlegt er að fá lán í bönkum, en kröfuhafar ganga ríkt eftir greiðslu á skuldum. Nauðsyn ber því til að hindra með lögum, að gengið sé að eignum útgerðarmanna eða fyrirtækja þeirra, meðan nægileg efnahagsathugun fer fram. Slíkt mundi valda viðkomandi aðilum fjárhagstjóni, óþægindum og auka atvinnuleysi.

Brýna nauðsyn ber því til að gera sem allra fyrst nauðsynlegar ráðstafanir til þess að breyta lausaskuldum þessara aðila í föst lán með hóflegum vöxtum. Vera má, að hjá ýmsum verði þörf á skuldaskilum. Undirbúningur að löggjöf um slíkar ráðstafanir og gagnasöfnun tekur sinn tíma. Nauðsynlegt er því að lögfasta tímabundinn greiðslufrest á skuldum, eins og lagt er til í þessu frumvarpi.